

Mál nr. 256/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V): (V1) og (V2)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttakið 13. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V2, dags. 30. júlí 2025.
3. Athugasemdir V1, dags. 16. október 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi niðurstöðu tjónanefndar vátryggingafélaganna kemur fram að 27. febrúar 2025 varð árekstur milli bifreiðanna A, og B, sem M ók, við útkeyrslu frá bifreiðastæði við Fellsmúla 24, inn á Grensásveg. Þar kemur einnig fram að ökumaður A kvaðst hafa stöðvað við útkeyrsluna vegna umferðar, en þá hafi B verið ekið vinstra megin við bifreið hans og utan í vinstra framhorn bifreiðar hans. M kvaðst hafa ekið frá bifreiðastæðinu og að Grensásvegi á litlum hraða og stöðvað vegna umferðar um Grensásveg. Hafi hún ekið bifreið sinni til hægri til að hleypa bifreið sem var á leið inn á bifreiðastæðið, en þá hafi A verið ekið í hlið B. Niðurstaða tjónanefndar varð sú að skipta beri sök þannig að ökumaður A beri helming sakar fyrir ógætilegan framúrakstur við akstur út frá bifreiðastæði og M beri helming sakar fyrir að gæta ekki að annarri umferð áður en ekið var af stað úr kyrrstöðu. Í málskoti er byggt á því að M hafi verið í rétti í umrætt sinn og að fella beri alla sök á ökumann A. Telur M að það liggi fyrir að ökumaður A hafi sýnt ógætilegan framúrakstur í umrætt sinn, nokkuð sem megi sjá í fyrirbyggjandi myndbandi af árekstrinum. Er vísað í 25. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 í því sambandi og á því byggt að þar sé lagt bann við framúrakstri við álíka aðstæður og voru uppi í þessu máli. Þá sé kveðið á um aðgæslu ökumanns við framúrakstur í 24. gr. þeirra laga.

Í athugasemdum V2, dags. 30. júlí 2025, en B var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá því félagi, er vísað til þess að atvik máls liggi fyrir í myndbandsupptöku. Aðrar athugasemdir gerir V2 ekki í málinu.

Í athugasemdum V1, dags. 16. október 2025, en A var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá því félagi, er á því byggt að leggja beri alla sök á M. Bendir V1 í því sambandi á að í myndbandinu megi sjá að B var staðsett kyrrstæð alveg til vinstri við útkeyrsluna á bifreiðastæðinu, þegar A var ekið að útkeyrslunni hægri megin við B. Ökumaður A hafi síðan stöðvað við gatnamótin og eftir augnablik megi sjá þegar B er ekið á vinstra framhorn A. Þá liggi fyrir að B hafi ekki verið með stefnuljós á. Vísar V1 einnig í 2. mgr. 19. gr., 2. mgr. 20. gr. og 3. mgr. 33. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 máli sínu til stuðnings.

Álit.

Í 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir að ökumaður sem ætlar að beygja á vegamótum skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Nefndin telur að hvorugur ökumanna í þessu máli hafi gætt að framangreindu með fullnægjandi hætti.

Þá telur nefndin einnig að B hafi í umrætt sinn verið staðsett of langt til vinstri við útkeyrsluna auk þess sem M hafi ekki gefið stefnuljós til hægri né gætt nægjanlega að annarri umferð áður en ekið var af stað úr kyrrstöðu, nokkuð sem feli í sér brot gegn 2. mgr. 19. gr. 2. mgr. 20. gr. og 3. mgr. 33. gr. umferðarlaga.

Jafnframt telur nefndin að eins og aðstæðum var háttað á árekstrarstað hafi ökumanni A mátt vera það ljóst að M ætlaði að taka hægri beygju inn á Grensásveg. Sú ákvörðun ökumanns A að aka engu að síður upp að hlið B, með það í huga að aka fram úr, fól því að mati nefndarinnar í sér brot á fyrrgreindri 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga.

Nefndin telur með vísan í framangreint að skipta beri sök jafnt milli ökumanna A og B.

Niðurstaða.

Skipta ber sök jafnt milli ökumanna bifreiðanna A og B.

Reykjavík, 4. nóvember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir